

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

7. fundur, föstudaginn 16. maí 2008, klukkan 9.00
í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu 15, Reykjavík.

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Elín R. Líndal, Eydís Aðalbjörnsdóttir, Hjörleifur B. Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Þorsteinn Tómasson og Þóra Ellen Þórhallsdóttir.

Freysteinn Sigurðsson, Guðni A. Jóhannesson og Unnur Brá Konráðsdóttir boðuðu forföll.

Starfsmenn verkefnisstjórnar: Hreinn Hrafnkelsson, Helga Barðadóttir, Ingibjörg Halldórsdóttir.

Inngangur

Formaður bauð fundarmenn velkomna og greindi frá því að þetta væri síðasti fundur Hreins þar sem hann væri að skipta um starfsvettvang og væri á förum til Brussels. Var Hreini þökkúð vel unnin störf fyrir hönd verkefnisstjórnar. Formaður greindi jafnframt frá því að auglýst yrði eftir starfamanni verkefnisstjórnar í fullt starf innan skamms og er reiknað með að hann hefji störf á haustmánuðum. Helga Barðadóttir, sérfræðingur í iðnaðarráðuneytinu mun koma í stað Hreins þar til gengið hefur verið frá ráðningu starfsmanns. Lögð voru fram drög að starfslýsingu starfsmanns. Nokkrar athugasemdir voru gerðar við drögin og mun formaður fara yfir þær og senda nefndarmönnum ný drög innan skamms.

Nokkur umræða um það hvar starfsmaður skyldi vistaður en settar hafa verið fram hugmyndir um nokkra möguleika, svo sem Orkustofnun og Háskólan á Akureyri.

Formaður mun kanna þetta mál frekar og gera tillögu að því hvar starfsmaður verði vistaður. Starfið verður auglýst í nafni verkefnisins.

1. Staða verkefna og vinnan framundan.

Formaður fór yfir vinnuna framundan með hliðsjón af minnisblaði sem sent hafði verið til verkefnisstjórnarinnar fyrir fundinn.

Vettvangsferð í Þingeyjarsýslur

Fyrirhuguð er vettvangsferð verkefnisstjórnar um jarðhitasæði í Þingeyjarsýslum dagan Þingeyjarsýslur 5. og 6. júní nk. Gert er ráð fyrir að flogið verði norður eftir hádegi fimmtudaginn 5. júní og að fundað verði kl. 17.30 á Sveitahótelinu Sveinbjarnargerði, en þar verður einnig gist. Þann 6. júní verður vettvangsferð um jarðhitasvæði í Þingeyjarsýslum og ráðgert að ferðinni ljúki á föstudagskvöld og þá flogið til Reykjavíkur. (ath flugtíma)

Formaður lagði til að fyrstu fundir eftir sumarleyfi yrðu 29. ágúst og 5. september, auk þess sem fljótlega eftir sumarleyfi yrði fundað með hagsmunasamtökum, bæði náttúruverndarsamtökum og orkufyrirtækjum, um áherslur þeirra, og verða þeir fundir undirbúnir í vor og sumar.

Á fundunum með þessum aðilum þyrfti m.a. að fara yfir aðferðafræði við mat. Formaður benti einnig á að samkvæmt skipunarbréfinu ætti verkefnisstjórnin „að ákveða hvernig haga á mati á virkjunarkostum í þessum áfanga, sem og að vinna samræmt heildarmat fyrir alla þá virkjunarkosti sem verið hafa til umfjöllunar í 1. og 2. áfanga rammaáætlunarinnar ...“. Í viðræðum við hagsmunaaðila þyrfti því að ræða hvort þau væru með nýjar lausnir eða tillögur sem þyrfti að taka tillit til við mat á nýtingu/vernd.

Áður en fundaröðin byrjar þarf að skilgreina og setja niður lista yfir þá aðila sem verkefnisstjórnin vill ræða við. Fram kom á fundinum að verkefnisstjórnin þyrfti að marka sér skýra áætlun varðandi fyrirkomulag viðtala og samráð og hvers væri að vænta af slíku samráði. Ákveðið að auglýsa eftir aðilum til að koma með athugasemdir auk þess sem verkefnisstjórnin mun hafa beint samand við þá aðila sem hún telur nauðsynlegt að fá álit hjá. Formaður mun taka saman lista yfir þá sem senda á bréf vegna samráðs og senda listann til nefndarmanna til skoðunar.

Formaður benti á að niðurstöður verkefna myndu skila sér inn fram á vorið 2009. Veturinn 2008/2009 mætti hins vegar vinna við að fara yfir matið úr 1. áfanga og skoða hvort ástæða væri til breytinga miðað við nýjar upplýsingar. Einnig mætti ákveða aðferðir við mat í 2. áfanga, samræma við 1. áfanga eftir atvikum og annað sem ástæða þætti að taka tillit til.

Heimasíða

Fyrir fundinn höfðu fundarmenn fengið aðgang að heimasíðu sem sett hefur verið upp fyrir verkefnið og þeim falið að koma með athugasemdir við efnistöð. Heimasíðan verður í framtíðinni vistuð á léninu www.rammaaaetlun.is/www.rammaaetlun.is. Engar athugasemdir voru gerðar við efnistöð og því verður efnið nú flutt á lén verkefnissins, en fram að þessu hefur efnið verið vistað á heimasíðu iðnaðarráðuneytisins.

Skipunartími

Nokkuð rætt um hugsanlega nauðsyn þess að framlengja skipunartíma verkefnisstjórnarinnar en nauðsynlegt er að samræmi verði í tímasetningu varðandi skil verkefna og skipunartíma nefndarmanna. Formaður mun skoða það mál frekar og taka það upp við iðnaðarráðuneytið.

2. Landslagsverkefni - Landslag mótað af jökulum.

Ingibjörg Kaldal kynnti verkefnið og stöðu þess. Engar athugasemdir voru gerðar við verkefnið.

3. Landslagsverkefni

Þorvarður Árnason kynnti verkefnið og stöðu þess.

Nokkur umræða spannst um 3. áfanga verkefnissins sem snýr að skilgreiningu á fegurð landslags, en áður hefði verið ákveðið að verkefnisstjórnin myndi ekki ráðast í þann hluta verkefnissins.

4. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin upp á fundinum.

5. Næsti fundur

Verkefnisstjórnin hittist næst 5.-6. júní, í vettvangsferð um Norðurland.

Fundi slitið kl. 13:00